

## Kennsluáætlun haust 2014

Námsgrein: Hönnun og smíðar - hringekja

Bekkur: 6

### Áfangalýsing

Lýsing frá kennara:

Meginmarkmið í hönnun og smíði er að vekja og efla áhuga nemenda á handverki og verkgreinum og að þeir fái tækifæri til að þroska með sér verkfærni og verkunnáttu og vera skapandi í starfi. Nemendur fá að vinna með fjölbreytt efni s.s. smíðavið, málma, plast og leður. Samhliða því er unnið með grunnþætti í almennri menntun s.s. að nemendur verði læsir og gagnrýnir á umhverfi sitt, temji sér vinnusemi, góða umgengni og beri virðingu fyrir sínum verkum og annarra. Smíðin er því góður undirbúningur fyrir lífið og á að stuðla að færni til frekara náms.

Nemendur í 6. bekk eru í hringekju 6 tíma á viku í myndmennt, textilmennt, heimilisfræði og hönnun og smíðum, hver hópur u.þ.b. 9 vikur á hverjum stað. Kennsluáætlunin endurtekur sig fyrir alla hópa á u.þ.b. 9 vikna fresti yfir veturinn fyrir alla hópa.

Á milli fyrstu og annarrar lotu verða opnir dagar, þá brjótum við upp okkar kennslu og vinnum sameiginlega að þemaverkefni sem tengist endurvinnslu á pappír.

Fyrsta lota er frá 22. ágúst – 24. október 2014

Önnur lota er frá 27. október – 9. janúar 2014

Þriðja lota er frá 12. janúar – 20. mars 2015

Fjórtða lota er frá 23. mars – 5. Júní 2015

Tímabil	Markmið	Verkefni	Verklýsing	Efni
Ágúst	Að útbúa nytjahlut sem allir hafa not fyrir og skreyta hann við hæfi með brennipenna. Að nemendur læri að vinna með viðarolíu og sjái hvernig viðurinn drekkur mismikið í sig.	Brauðbretti - skurðarbretti	Byrjað er á að finna form fyrir brettið og útfæra síðan plötuna með því að saga hana til í tifsög. Næst er að laga kanta og brúnir með raspi, þjöl og sandpappír og færa skrautmynstur á brettið og nota brennipenna þar sem það á við.	Nemendur fá allir u.þ.b. 25cm furubút og hafa síðan val um útfærslu innan þeirra marka. Viðarolía.
September	Að nemendur geti nýtt sér og notað þann grunn sem	Brauðbretti. Skál úr birki eða furu.	Góður 2,5" * 5" furubútur er valinn og ákveðið hvað á að	Fura Birki

	þeir hafa til að skapa og útbúa hluti sem þeir hafa áhuga á eða þörf fyrir. Að nemendur læri að nota holjárn og læri að varast allar þær hættur sem því fylgja.	Borðspil. Frjáls verkefni sem taka mið af áhuga og getu nemenda.	höggva úr honum og hvaða hlið á að snúa niður. Gæta þarf að því að fara eftir þeim fyrirmælum sem sett eru í upphafi hvernig nota á holjárn og viðeigandi hlífðarbúnað.	4-16mm MDF plötur. Málning, lakk og viðarolía.
Október	Að nemendur geti nýtt sér og notað þann grunn sem þeir hafa til að skapa og útbúa hluti sem þeir hafa áhuga á eða þörf fyrir.	Borðspil eða annað sambærilegt verkefni sem allir hafa not fyrir. Frjáls verkefni sem taka mið af áhuga og getu nemenda.	Verklýsing er sérstök fyrir hvert verkefni sem nemendur gera. Það má gera ráð fyrir að allir þurfi að teikna, saga, pússa og mála eða lakka.	Ýmis efni s.s. tré, plast, málmar o.fl.
Nóvember				
Desember				

### Námsmat

Símat, þar sem lagt er mat á umgengni, hegðun, vandvirkni, vinnusemi og sjálfstæði í námi og er það metið 40% á móti verkefnum sem eru metin 60%

### Kennsluhættir

Algengast er þegar byrjað er á nýju verkefni eða þegar nýtt verkfæri eða vinnuaðferð er tekin fyrir, þá sé sýnikennsla notuð. Verklek æfing er stundum notuð í framhaldi af sýnikennslu til að þjálfa nemendur í að beita verfærum rétt og til að nemendur tileinki sér rétt vinnubrögð. Þegar nemendur eru byrjaðir á sínum verkefnum þá fær hver nemandi leiðsögn eftir þörfum.

**Kennari, netfang**

Gunnlaugur Jóhannsson, [gulli@akmennt.is](mailto:gulli@akmennt.is)